

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2016

2017/EES/73/24

frá 29. apríl 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun 2014/53/ESB fellir úr gildi, frá og með 13. júní 2016, tilskipun 1999/5/EB ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 13. júní 2016.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4zzq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/638/ESB):

„4zzr. **32014 L 0053**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).“

2. Texti liðar 4zg (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB) fellur brott, frá og með 13. júní 2016, að undanskildum fyrsta undirliði (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/637/EB), sem verður enn í gildi eftir 13. júní 2016 og bætist því við sem nýr liður á eftir lið 4zg (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB):

„4zga. **32000 D 0637**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/637/EB frá 22. september 2000 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB gagnvart þráðlausum búnaði sem fellur undir svæðisbundið fyrirkomulag að því er varðar talstöðvarþjónustu á skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 50).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/53/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.